

Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010

Menntavísindasvið Háskóla Íslands



Ritrýnd grein birt 31. desember 2010

Inga Guðrún Kristjánsdóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir

„Nám er besta betrunin“ Rannsókn á námi fanga í afplánun

Markmið rannsóknarinnar var að kynnast upplifun og reynslu fanga af námi innan veggja fangelsis og varpa þannig ljósi á menntun sem betrun. Notuð var eigindleg rannsóknaraðferð. Lykilþátttakendur voru 8 fangar sem fylgt var eftir í 18 mánuði, en alls var rætt við 15 einstaklinga og tekin 48 viðtöl. Niðurstöður benda til að skólaganga væri viðmælendum mikilvæg, óháð hindrunum í námi. Námsárangur, andleg líðan, sjálfsmynd, trú á eigin getu og edrúmennska héldust í hendur. Ef einn þáttur lét undan síga, hafði það neikvæð áhrif á aðra. Trú fanga á mikilvægi menntunar til að sporna gegn afbrotahegðun að afplánun lokinni, tengdist námsgengi. Helstu lærdómar eru að finna þurfi hugtakinu *betrun* stað í lögum; huga þurfi að námsúrræðum fyrir fanga án grunnskólaprófs sem glíma við námsörðugleika; gera þurfi námskrár fyrir fræðslustarf í fangelsum; og að tryggja þurfi að einstaklingar sem stundað hafa nám í afplánun fái aðgengi að námi þegar út er komið.

Inga Guðrún Kristjánsdóttir er MA í uppeldis- og menntunarfræði og náms- og starfsráðgjafi. Guðný Guðbjörnsdóttir er prófessor við Uppeldis- og menntunarfræðideild á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

The rehabilitation benefits of education: Prison Education

This article is based on results of a research pertaining the correctional benefits of education for prisoners. The aim of this longitudinal research was to gain an understanding of the prisoner's experience of education and see if it reduced the probability of recidivism. A qualitative research method was used. 48 interviews were taken to total 15 individuals that participated in the research. The key participants were 8 prisoners, studying in the prison Litla-Hraun. They were interviewed regularly for 18 months. All the prisoners stated that education is of importance to them, regardless of academic performance or learning difficulties. The longitudinal results indicate that educational success, mental health, self image, self-efficacy and abstaining from addictions are interrelated. If one of those factors fails, it will affect the others. The research indicates that education is an important factor in the prisoners self development. The policy implications of this research are pointed out, including legal, curriculum and practical improvements. It is of benefit for everyone, not only the individuals but also for society, that prisoners are given a chance for self development through education.

Inngangur

Menntun fanga og áhrif náms til betrunar er lítið skoðað rannsóknarsvið héraendis sem mikilvægt er að styrkja með fjölbreyttum rannsóknum. Liður í því er að leyfa rödd fanga að heyrast og koma sjónarmiðum þeirra og reynslu á framfæri. Föngum er skilgreindur

réttur til náms samkvæmt íslenskum lögum og í *Stjórnarskrá íslenska lýðveldisins*, 76. grein, er skýrt kveðið á um að öllum skuli tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi. Í *lögum um fullnustu refsinga* (nr. 49, 2005) kemur fram í 19. grein um nám og starfsþjálfun að fangi skuli eiga kost á að stunda nám, starfsþjálfun eða taka þátt í annarri starfsemi sem fram fer í fangelsi eftir því sem unnt er og hann telst hæfur til.

Í íslenskum hluta samnorrænnar rannsóknar á menntun, menntunaraðstæðum og námsáhuga meðal fanga á Norðurlöndunum, sem framkvæmd var af Helga Gunnlaugssyni og Boga Ragnarssyni (2007), kom fram að meira en þriðjungur íslenskra fanga sem tóku þátt sögðust ekki hafa lokið grunnskólaprófi. Rúmur helmingur svarenda eða 54,5% hafði lokið grunnskóla eða gagnfræðaskóla en ekki sótt sér frekari menntun. Þegar menntunarstaða fanga hérlendis var borin saman við stöðu fanga á hinum Norðurlöndunum kom í ljós að hlutfall þeirra sem höfðu ekki lokið neinu námi mældist hæst hérlendis, eða 16% á meðan hlutfall þeirra fanga sem höfðu ekki lokið neinu námi í hinum Norðurlöndunum var á bilinu 7–12% (Eikeland, Manger og Asbjørnsen, 2008). Aðrar niðurstöður sem vöktu athygli eru að í samanburði við hin Norðurlöndin mældist mestur áhugi á því að hefja nám í fangelsi hérlendis, meðal fanga sem ekki stunda neitt nám. Einnig kom fram að tæpur helmingur þeirra sem voru í námi sagðist telja nám í fangelsi hafa mikla þýðingu til að auðvelda þeim að fá vinnu þegar afplánun lyki (Eikeland o.fl., 2008; Helgi Gunnlaugsson og Bogi Ragnarsson, 2007).

Tekist hefur verið á um hver sé raunverulegur árangur af námi og starfsþjálfunarúrræðum í fangelsum þegar tekið er mið af endurkomutíðni í afplánun (Gaes, 2008). Rannsóknir hafa þó sýnt fram á marktæk tengsl milli menntunar í afplánun og lækkaðrar endurkomutíðni í fangelsi, sem gefur tilefni til að ætla að fangar sem hljóta menntun í fangelsum séu ólíklegri en aðrir fangar til endurkomu að afplánun lokinni (Chappell, 2004; Vacca, 2004). Endurkomutíðni í fangelsi hérlendis er tiltölulega há, sé litið til niðurstöðu rannsóknar Helga Gunnlaugssonar og Boga Ragnarssonar (2007) sem sýndi fram á að tæplega helmingur fanga hafði á þeim tíma áður afplánað í fangelsi. Þetta er svipuð tíðni og í nágrannalöndum okkar en aftur á móti er hlutfall fanga miðað við höfðatölu lægra hérlendis en í löndunum í kring. Í niðurstöðum nýlegrar samanburðarrannsóknar þar sem endurkomutíðni fanga var borin saman milli Norðurlandanna kom í ljós að rúmlega fjórðungur þeirra sem lauk afplánun hérlendis árið 2005 hafði hlotið nýjan dóm innan tveggja ára, eða 27% fanga (Fangelsismálastofnun, 2010a). Helgi Gunnlaugsson og Bogi Ragnarsson (2007) benda einnig á að erlendar rannsóknir sýna fram á að fangar virðast að jafnaði hafa minni menntun og takmarkaðri verkunnáttu en aðrir borgarar, sem færir rök fyrir mikilvægi þess að styrkja þann þátt í uppbyggingarstarfi innan fangelsa. Uden (2004) bendir á að til að auka líkur á árangri af betrun og uppbyggilegu starfi sem fram fer innan fangelsa sé mikilvægt að gæta að því að þeim sem hafa stundað nám í afplánun sé áfram tryggt aðgengi að námi þegar út er komið. Slíkt úrræði myndi ekki aðeins styrkja það nám sem fór fram í afplánun, heldur einnig fylgja föngum yfir mikilvægan og erfiðan þröskuld á leið aftur út í samfélagið, sér í lagi ef námið leiðir til ákveðinna starfsréttinda. Hagurinn yrði einstaklinganna sjálfra í auknum atvinnumöguleikum að afplánun lokinni og samfélagsins í lækkaðri endurkomutíðni.

Sú rannsókn sem hér er greint frá var unnin sem meistararitgerð fyrri höfundar undir leiðsögn seinni höfundar (Inga Guðrún Kristjánsdóttir, 2010). Markmið rannsóknarinnar var að kynnast upplifun og reynslu fanga af námi innan veggja fangelsis og varpa þannig ljósi á menntun sem betrun, ásamt því að kynnast markmiðum og tilgangi fanga með námi sínu. Einnig var markmiðið að öðlast sýn á hvort nám drægi úr líkum á afbrotahæðun að fangelsisvist lokinni. Rannsóknarspurningar sem leitað var svara við voru:

1. Hverjar eru upplifanir námsmanna af námi innan veggja fangelsis?
2. Hver eru markmið og tilgangur námsmanna með námi sínu?
 - a. Dregur nám úr líkum á afbrotahæðun að fangelsisvist lokinni að þeirra mati?
 - b. Breytist framtíðarsýn fanga á námstímanum og hefur gengi í námi áhrif þar á?

Aðferð

Þátttakendur í rannsókninni voru fimmtán en lykilþátttakendur voru átta fangar sem stunduðu nám í afplánun á Litla-Hrauni í upphafi rannsóknar og verður hér vísað í orð þeirra. Aðrir þátttakendur voru tveir sérfræðingar sem annast utanumhald og stuðning við námið á Litla-Hrauni, einn fangi sem rætt var við í upphafi gagnasöfnunar en hélt ekki áfram í frekari rannsókn, auk þess sem tekin voru fjögur samanburðarviðtöl við fanga sem höfðu stundað nám eða voru í námi í öðrum fangelsum. Þau viðtöl fóru fram í fangelsinu á Kvíabryggju, Kópavogi, Hegningarhúsinu og fangelsinu á Akureyri. Þessi viðtöl voru tekin með það fyrir augum að fá samanburð á reynslu og upplifun fanga í öðrum fangelsum af námi í afplánun, ásamt því að öðlast innsýn í hvernig aðgengi að námi birtist í öðrum fangelsum.

Rannsóknin var unnin samkvæmt eiginlegri rannsóknarhefð en markmið hennar er að skilja mannlega hegðun og reynslu, ásamt því hvaða merkingu einstaklingar leggja í eigin orð, aðstæður og líf (Bogdan og Biklen, 2003). Gagna var aflað í gegnum hálfstöðluð opin einstaklingsviðtöl og þáttökuathuganir. Þetta eru aðferðir sem samræmast fyrirbærafræðilegri nálgun en það sjónarhorn var talið henta best til að varpa ljósi á þá þekkingu sem hér var leitað. Auk þess var stuðst við vinnubrögð grundaðrar kenningar sem fólust í kerfisbundnum vinnubrögðum og stöðugri greiningu gagna (Bogdan og Biklen, 2003; Taylor og Bogdan, 1998). Viðmælendahópurinn var valinn í gegnum markvisst úrtak, þar sem fyrir lá í upphafi hvaða skilyrði þeir þyrftu að uppfylla, en forsenda fyrir þáttöku var að afplána dóm á Litla-Hrauni og stunda þar nám þegar gagnasöfnun hófst (Ritchie, Lewis og Elam, 2003).

Haustið 2008 hófst gagnasöfnun formlega þegar fimm viðtöl fóru fram á Litla-Hrauni og þar af þrjú við fanga á skólabekk. Í byrjun árs 2009 var myndaður átta manna hópur lykilþátttakenda fyrir langtímarannsókn, þar af voru tveir viðmælendur frá fyrstu gagnasöfnunarlottunni og því bættust í hópinn sex nýir viðmælendur. Lykilþátttakendunum átta var flestum fylgt eftir yfir eins og hálf árs tímabil og er því hér um langtímarannsókn að ræða í þeim skilningi að tekin voru reglulega viðtöl við sömu viðmælendur yfir ákveðið tímabil. Viðtölin urðu alls 48 og þar af 41 við lykilþátttakendur. Viðtalslotur voru sex talsins og fóru fram haustið 2008, í upphafi árs 2009, vorið 2009, haustið 2009, í upphafi árs 2010 og að lokum í júní 2010.

Viðtölin voru miðuð við annakerfi skólanna, það er í upphafi eða lok anna eftir að upplýsingar um námsárangur lágu fyrir svo auðveldara væri að bera saman árangur yfir tíma. Ekki skipti máli hvort viðmælendur hættu námi á tímabilinu, þeim var engu að síður fylgt eftir. Afplánunaraðir og aðsetur var breytilegt yfir tíma innan hópsins. Viðmælendur færðust til milli fangelsa á tímabilinu og sumir luku afplánun. Hafði það engin áhrif á þáttöku og öllum var fylgt eftir svo lengi sem þeir voru samþykki þáttöku.

Þegar fjöldi lykilþátttakenda var borinn saman við fjölda nemenda í skólanum á Litla-Hrauni á sama tíma og átta manna hópurinn var myndaður í upphafi árs 2009, þá kom í ljós samkvæmt upplýsingum frá Ingis Ingasyni kennslustjóra við skólann að heildarfjöldi nemenda var um 30 talsins. Lykilþátttakendur voru því rúmlega 25% af heildarfjölda nemenda við skólann á Litla-Hrauni á þeim tíma (Ingis Ingason, munnleg heimild, 12.08. 2010).

Viðmælendur voru á ólíkum aldri, allt frá rétt rúmlega tvítugu til rúmlega fertugs. Fjölskyldubakgrunnur þeirra var mismunandi en flestir áttu það sameiginlegt að hafa átt í erfiðleikum með neyslu fíkniefna og nokkuð stór hópur átti brotna eða erfiða skólareynslu að baki. Meirihluti lykilþátttakenda hafði áður setið í afplánun. Flestir viðmælendur stunduðu nám sitt við skólann á Litla-Hrauni og var námið skipulagt af Fjölbrotaskóla Suðurlands á Selfossi (Fangelsismálastofnun, 2010b). Verkefninu var snemma gefið vinnuheitid: „Nám er besta betrunin“ sem hélst óbreytt. Heitið er bein tilvitnun í orð nokkurra viðmælanda og kom líka fram með óbeinum hætti í orðum annarra. Engin áhersla var lögð á fyrir hvað viðmælendur afplánuðu dóm eða hvers vegna þeir sætu í fangelsi og því var ekki spurt sérstaklega út í það í rannsókninni. Saga um neyslu og fíkn var í mörgum tilfellum stór hluti af lífi viðmælanda. Hér verður því sagt frá hvernig námsferill þeirra hélst í hendur við neyslusögu, en gengi í námi virtist hafa sterk tengsl við mótun framtíðarsýnar.

Í umræðu hér á eftir verður byggt á niðurstöðum langtímarannsóknarinnar og orðum lykilþátttakendanna átta. Til að gæta trúnaðar við viðmælendur voru þeim gefin gervinöfn, en til að forðast að hægt sé að greina persónurekjanlegar upplýsingar verður ekki vísað til þeirra í umfjöllun sem byggir á beinum orðum viðmælanda.

Niðurstöður

Upplifun lykilþátttakenda af námi innan veggja fangelsis

Í upphafi gagnasöfnunarinnar stunduðu lykilþátttakendur nám á framhaldsskólastigi eða háskólastigi og voru þeir skráðir í nám yfir mest allt tímabilið meðan á viðtölum stóð. Einnhverjir hættu námi tímabundið en sneru aftur. Aðeins einn heltist úr lestinni og stundaði ekki nám seinni veturinn meðan á gagnasöfnun stóð. Gengi viðmælanda í námi var misjafnt og mikil breidd var innan hópsins. Sé litið yfir hópinn með tilliti til námsörðugleika eða innri hindrana í námi kom í ljós að þrír viðmælendur glímdu við mikla og sértæka námsörðugleika, aðrir þrír glímdu við vægari námsörðugleika sem hindruðu tiltekið nám eða nám við ákveðnar aðstæður og tveir viðmælendur áttu við sáralitla eða enga námsörðugleika að stríða. Allir viðmælendur voru þakklátir fyrir að fá tækifæri til að stunda nám í afplánun og upplifðu að með því væru þeir að nýta tímann á jákvæðan og gagnlegan hátt.

Framtíðarsýn viðmælanda reyndist vera stuðningur við nám þar sem það að hafa eitthvað til að stefna að virtist hvetja þá áfram með beinum hætti. Eins virtust skýr og afmörkuð markmiðasetning, þar sem viðmælendur skrifuðu niður markmið sín með náminu og væntingar til framtíðar, hafa afar jákvæð áhrif á námsárangur og seiglu þegar þeir stóðu frammi fyrir hindrunum. Börn þeirra feðra sem voru í viðmælendahópnum höfðu ráðandi áhrif á framtíðarsýn þeirra og var þeim öllum mjög umhugað að geta stutt við bakið á börnunum sínum ásamt því að sjá fjölskyldum sínum farborða. Þess vegna voru atvinnutækifæri og möguleikar á atvinnu viðmælendum ofarlega í huga þegar þeir ræddu væntingar sínar með náminu og framtíðarsýn, samanber orð eins viðmælanda:

Markmiðið með náminu er, sko í fyrsta lagi auðvitað að nýta tímann sem ég er hérna inni, að hafa eitthvað að gera, vera ekki bara að liggja upp í rúmi og horfa á sjónvarpið eða hanga í tölvuleikjum eða eitthvað svoleiðis. Svo auðvitað líka til þess að geta kannski átt einhvern möguleika á að samlagast samfélaginu þegar ég kem út, að geta fengið vinnu. Ég meina þú veist ef maður fær ekki vinnu þegar maður kemur út þá getur maður alveg eins bara brotið af sér og komið aftur hingað inn sko, þannig lagað séð. Þetta, vona að það muni ekki gerast en þetta er mjög mikið viðhorf hjá mörgum og þú veist. Svo í þriðja lagi og það mikilvægasta er til að geta hugsað vel um börnin mín, þau skipta öllu máli, ég get eiginlega sagt að ég er að læra fyrir þau.

Orðið *venjulegur* var áberandi í orðum viðmælenda. Þannig virtust viðmælendur upplifa viðurkenningu í hinu venjulega ásamt því að sjá námið sem lykil út í hinn venjulega heim, eins og margir sáu samfélagið fyrir utan fangelsið. Allir viðmælendur vonuðust á einhverjum tímamarki til að námið myndi opna leið þeirra út í venjulegt líf á þann hátt að þeir féllu inn í samfélagið að afplánun lokinni og teldust venjulegir samkvæmt gildum þess. Aftur á móti var framtíðarsýn viðmælenda á þessu sviði breytileg yfir tíma og hélt mjög í hendur við námsgengi. Einn viðmælendi upplifði mikla samfélagslega stimulun í kjölfar þess að fá á sig dóm í réttarkerfinu, en vonaðist til þess að námið gæti aflétt þessari stimulun og gefið honum ný tækifæri úti í samfélaginu sem breyttum manni eins og hann sagði:

Þú veist eins og með skólann mér líður betur með sjálfan mig og er svona sterkari einstaklingur núna í dag. Það var svo mikil skömm yfir mér, þú veist, yfir því að hafa lent inni. Að vera bara edrú og í skóla hérna inni sko, bara hætta allri vitleysu og vera venjulegur. Mér líður miklu betur með að vera í skóla heldur en að vera að vinna, skilurðu. Það er að byggja sig upp og vera að fá alltaf eitthvað meira nýtt inn. Maður er kominn með tugthúslimastimpilinn á sig skilurðu og þú veist bara reyna að afmá það og reyna að koma honum frá sér aftur, eða þannig að ég verði ekki alltaf einhver fangi þegar fólk talar um mig, eða einhver sem var á Litla-Hrauni skilurðu, ég vil heldur vera vélstjórinn sem vann sig út úr ruglinu. Þannig yrði litið öðruvísi á mann, maður hefur náttúrulega áhyggjur af álitum annarra. Hvernig samfélagið lítur á mann, þú veist. Þannig er skólinn að hjálpa mér að byggja mig upp aftur og búa til mann sem ég get verið stoltur af. Nú er ég að reyna að byggja mig aftur upp. Ég vil geta búið til nýjan og sterkari mann heldur en var, þannig að fortíðin skipti ekki máli lengur. Heldur bara núið og hvað ég geri í dag og bara vera venjulegur og edrú.

Sýn viðmælenda á að vera venjulegur virtist felast í því að lifa hefðbundnu fjölskyldulífi, stunda atvinnu eða nám fjarri afbrotum og neyslu og þannig vera staðsettir fyrir innan hefðbundna menningu samfélagsins en ekki á jaðrinum eða fyrir utan. Upplifun af hinu venjulega virtist eiga rætur að rekja allt aftur til æsku margra viðmælenda, sem áttu strax þá erfitt með að samsama sig normum samfélagsins. Afleiðing þess varð sú að þeir sáu sig ekki sem hluta af heildinni, hvorki í grunnskóla né í samfélaginu. Þannig styrkti hefðbundin skólareynsla, eins og þeir upplifðu námið sitt í gegnum skólann á Litla-Hrauni, þá sýn þeirra að þeir gætu orðið venjulegir þátttakendur úti í samfélaginu.

Upplifun milli viðtala og framtíðarsýn

Viðmælendur áttu þá sögu sameiginlega að hafa komið sjálfum sér á óvart og náð námsárangri sem þeir töldu ekki líklegt að tækist, en slíkt styrkti trú þeirra á eigin getu. Margir sýndu mikla seiglu og ákveðni og neituðu að gefast upp þegar námið reyndi á. Að yfirstíga hindranir tókst þó ekki alltaf með þessum hætti, því stundum urðu námsörðugleikar eins og lesblinda og talnablinda sumum þeirra veruleg hindrun í námi. Hjá öðrum hindraði athyglisbrestur og einbeitingarskortur námsgengi. Þrátt fyrir þessar hindranir og misjafnt gengi á tímabilinu sem gagnasöfnun stóð yfir, sóttu viðmælendurnir alltaf aftur í námið en með mislöngu millibili og varð það einkennandi fyrir hópinn. Þrír viðmælendur áttu það sameiginlegt að verða mjög neikvæðir út í námið eftir að hafa fallið og sögðust jafnvel aldrei aftur ætla í nám, því það væri tímaeyðsla, eins og kom fram hjá einum viðmælenda sem sagði:

Þetta var bara ömurlegt og ég vildi bara að ég hefði sleppt þessu sko, mig langar ekki í meira nám og ég ætla ekki í meira nám. Alveg búinn að ákveða það og bara alveg búinn að fá miklu meira en nóg. Ætla sko ekki að gera þetta aftur, algjör tímaeyðsla, bara fara að vinna eða eitthvað í staðinn.

Engu að síður reyndu þeir alltaf aftur og komu þá til baka með jákvæðari viðhorf og bjartari framtíðarsýn. Þannig mátti sjá að alltaf fylgdi náminu einhver von sem þó stundum brást ef illa gekk, en kviknaði jafnan aftur þegar nám var tekið upp að nýju. Af þessum þremur viðmælendum, sem áttu það sameiginlegt að glíma við hindranir í námi, höfðu tveir meiri tilhneigingu til að sækja aftur í nám í kjölfar erfiðleika. Þeir héldu ítrekað áfram þrátt fyrir að falla og missa vonina, sem sá þriðji gerði einnig fyrra árið á meðan á gagnasöfnun stóð en hann stundaði ekki nám síðara árið. Í máli rúmlega helmingis viðmælenda kom fram að þeir upplifðu að námið stuðlaði að betrun. Þannig virtust margir eigna náminu forvarnargildi sem spornaði gegn neyslu á sama tíma og þeir byggðu sig upp andlega í gegnum námið. Því varð námið afar mikilvæg stoð í huga þeirra og burðarstólpi á meðan þeir lögðu meðvitaða áherslu á að halda sér frá neyslu. Á sama tíma varð saga edrúmennsku og gengi í námi oft samvinnuð og léti annar þáttur undan síga hafði það áhrif á hinn. Það sama gildi um sjálfsmat, trú á eigin getu og andlega líðan.

Námið virtist hafa fjölbreytt áhrif á líf viðmælenda og þannig kom meðal annars fram að nokkrir viðmælendur myndu að með því að standa sig vel í námi væru þeir ekki einungis að sanna getu sína fyrir sjálfum sér, heldur væru þeir einnig að vinna til baka trú aðstandenda á sér. Þetta átti sérstaklega við um þá sem höfðu misst einhver tengsl við fjölskyldur sínar í kjölfar neyslu. Eftirfarandi eru orð viðmælenda þegar hann talaði um það hvernig hann væri að finna sjálfan sig aftur í gegnum námið og hann sæi að nú þyrfti hann að endurávinna sér traust fjölskyldunnar með framkvæmdum en ekki orðum einum. Því sagðist hann vona að fólk fengi þessa vissu í hjartað með tímanum og sjái að “gamli” hann sé kominn til baka:

Gamli ég er bara kominn aftur til að vera. Ég ætla að hafa það þannig, af því þetta, ég er búinn að læra það á þessum tíma á þessu rugli sem að ég er búinn að vera í, sama hvað ég geri, sama hvað ég, nei nei, sama hvað ég segi, meina ég, það skiptir svo litlu máli einhvern veginn eftir allt þetta, allar þessar lygar og þetta. Það er það sem ég geri sko sem skiptir máli.

Með því að nýta tímann í afplánun á jákvæðan hátt, meðal annars með námi, taldi viðmælendinn að fjölskylda sín væri að öðlast trú á sér á nýjan leik. Hann sagðist vita að þetta tæki sinn tíma en var þakklátur fyrir þann stað sem hann var kominn á.

Langtímaniðurstöður úr viðtölum við lykilþátttakendur eru fjölbreyttar en bera þó allar með sér að skólaganga er viðmælendum mikilvæg, óháð hindrunum í námi. Niðurstöðurnar benda einnig til að námsárangur, andleg líðan, sjálfsmynd, trú á eigin getu og edrúmennska haldist í hendur. Þegar vel gekk í námi jukust líkur á að viðmælendur teldu ekki líklegt að þeir kæmu til með að sýna afbrotahegðun að afplánun lokinni, og svo öfugt. Þannig birtust tengsl á milli árangurs í námi og líkum á afbrotahegðun að eigin mati, og virtust viðmælendur telja frekari líkur á neikvæðri hegðun þegar verr gekk í náminu.

Í síðustu viðtölum við lykilþátttakendur var farið sérstaklega yfir hvernig þættir eins og námsárangur, fíkn eða neysla, andleg líðan og trú á eigin getu héldust í hendur og hefðu áhrif hver á annan. Viðmælendur staðfestu að þættirnir sveifluðust í takt við hver annan. Þegar vel gekk í námi styrktist trú á eigin getu og meiri líkur voru á jafnvægi í andlegri líðan, ásamt því að minni líkur voru á að falla aftur í neyslu vímuefna. Þegar námsárangri hrakaði dró úr trú á eigin getu og jafnvægi á andlegri líðan. Sjálfstraust raskaðist ásamt því að líkur á falli eða neyslu jukust. Þessir þættir höfðu allir áhrif á hver annan og því skipti tiltölulega litlu máli hvað lét undan síga fyrst, áhrifin dreifðust yfir á þessa tengdu þætti. Þó svo að sértækir námsörðugleikar hafi haft meiri áhrif hjá ákveðnum viðmælendum en öðrum, þá gátu neysla eða óstöðug andleg líðan haft meiri áhrif hjá öðrum. Þetta samverkandi mynstur átti við í heild sinni á meðal langflestra og voru viðmælendur sam-mála þeirri túlkun. Hjá öðrum voru mismunandi atriði sem höfðu áhrif á hvern þátt og kom

meðal annars fram að hjá þeim viðmælendum sem áttu maka fyrir utan og lifðu stórum hluta af sínu tilfinningalífi fyrir utan fangelsið, að slíkt hafði í nokkrum tilfellum mikil áhrif á sveiflur í andlegri líðan.

Neysla vímuefna á tímabilinu hafði einnig mikið að segja, því í kjölfar hennar tóku margir niðurdýfu í andlegri líðan sem einnig hafði áhrif á nám. Undantekning var þegar viðmælendur hrösuðu í námi og upplifðu neikvæð áhrif á sjálfsmat og innri líðan. Þá fylgdi oft neysla í kjölfarið. Neysla var ekki stöðug innan hópsins á tímabilinu samkvæmt viðmælendum, en engu að síður neytti stór hópur viðmælenda einhverra efna og oftast einu sinni. Tveir lykilorðtakendur voru undantekning en þeir luku báðir afplánun á tímabilinu og í kjölfarið voru þeir í stöðugri neyslu. Þannig upplifði annar viðmælenda sem hafði lokið afplánun mikið tilfinningarót og kvíða fyrst eftir að hann varð laus og stríddi við þunglyndi og röskun á svefni í kjölfarið. Á sama tíma stundaði hann nám í kvöldskóla og undirbjó sig fyrir fullt nám í dagskóla önnina á eftir, þar sem markmiðið var að sett á háskólanám. Á milli anna missti hann tímabundið fótanna og andleg líðan var lengi að rétta sig af í kjölfar neyslu. Hinn viðmælendinn sem hafði lokið afplánun á tímabilinu, missti tök á eigin drykkju fljótlega eftir að hann losnaði. Þessi einstaklingur glímdi við mikinn kvíða og lýsti líðan sinni á eftirfarandi hátt í viðtali sem fór fram hálfum mánuði áður en hann lauk afplánun:

Ég er auðvitað gífurlega feginn að vera að losna en ég er líka ofsalega kvíðinn hvernig allt á eftir að ganga. Ég gæti alveg verið í betra ástandi því ég veit alveg hvað er að draga mig niður. Smá kvíði út af skólanum líka, ég vil halda mér í skólanum áfram, finnst það mikilvægt og þetta veltur allt á því hvort ég verð edrú eða ekki edrú. Það er eiginlega bara líf mitt í dag og upp á framtíðina þá skiptir öllu máli að halda áfram að vera edrú, það er númer 1, 2 og 3 að ég verði edrú, til þess að allt hitt gangi upp. Ég tími því ekki að fara aftur inn og þess vegna er skólinn svo mikilvægur, nú er festan mikilvæg svo ég fari ekki aftur í sama farið. Já, skólinn er bara mjög mikilvægur fyrir mig, ekki síður en edrúmennskan.

Þegar síðasta viðtalið fór fram við þennan viðmælenda var hann ódrukkinn, þrátt fyrir að hafa drukkíð töluvert dagana og vikurnar á undan. Ástæða þess var að fyrr um daginn hafði hann fengið að hitta barnið sitt. Aðstæður hans á þessum tíma voru þannig að hann hafði átt mjög erfitt með að halda sér edrú frá því hann varð laus. Námsárangur og skólasókn létu á sér standa eftir að út var komið og var hann því ekki viss um skólaláss fyrir næstu önn. Námsstaða þessara tveggja viðmælenda varð mun verri eftir að út var komið en á meðan á afplánun stóð. Þessir viðmælendur áttu það sameiginlegt að hafa kvíðið því mikið að losna áður en afplánun lauk. Fleiri viðmælendur standa í sambærilegum sporum, þar sem styttest í að afplánun ljúki og á sama tíma upplifa þeir einnig mikinn kvíða yfir því að takast á við lífið fyrir utan og óvissuna sem því fylgir.

Fyrri rannsóknir benda til að nám í afplánun geti dregið úr endurkomutíðni og afbrotahegðun og því var spurt út í framtíðarsýn viðmælenda, hvað varðar að leggja til hliðar hegðun sem gæti orðið til þess að lenda aftur í afplánun síðar meir. Framtíðarsýn viðmælenda var misjöfn á tímabilinu og námsgengi virtist hafa þar áhrif. Þegar vel gekk jukust líkur á jákvæðri framtíðarsýn en á hinn bóginn dró úr þeim þegar illa gekk. Við lok rannsóknarinnar var framtíðarsýn neikvæð meðal rúmlega helmings hópsins, hvað það snerti að láta af hegðun sem hugsanlega gæti aftur leitt til fangelsisvistar. Skiptist hópurinn þannig að fjórir viðmælendur töldu einhverjar eða góðar líkur á hegðun sem gæti orðið til þess að lenda aftur í afplánun, en þrír viðmælendur töldu slíka hegðun ólíklega. Yfir tímabilið breyttust þessar tölur af og til en í meginráttum héldust þær nokkuð jafnar.

Umræða

Niðurstöður Helga Gunnlaugssonar og Boga Ragnarssonar (2007) úr íslenskum hluta samnorrænnar rannsóknar benda til þess að talsverður hluti fanga hafi ekki lokið grunnmenntun, en þrátt fyrir það mælist námsáhugi hár héraendis í samanburði við námsáhuga fanga á öðrum Norðurlöndum. Stór hluti viðmælenda í 8 manna lykilhópnum á að baki brotna skólagöngu ásamt því að glíma við mikla námsörðugleika, en þrátt fyrir það sýndu þeir mikinn námsáhuga. Meirihluti lykilhópttakenda hafði áður setið í fangelsi og samræmist það niðurstöðum rannsókna sem hafa bent til að endurkomutíðni í fangelsi héraendis sé tiltölulega há. Í niðurstöðum rannsóknar Helga og Boga, kom fram að tæplega helmingur fanga sem þá voru í afplánun hafði áður setið í fangelsi. Rannsóknir hafa sýnt fram á marktæk tengsl milli menntunar í afplánun og lækkaðrar endurkomutíðni aftur í fangelsi (Chappell, 2004; Vacca, 2004) en hér mátti sjá hvernig lykilhópttakendur byggðu framtíðarsýn sína á námsgengi. Viðmælendur höfðu tilhneigingu til að líta framtíðina bjartari augum þegar þeir áttu góðu námsgengi að fagna, en svo þegar halla tók undan fæti í námi virtust þeir ekki leyfa sér að gera sömu væntingar til framtíðarinnar eða eigin hegðunar. Einnig mátti sjá að vonir þeirra til framtíðarinnar og aukinna atvinnumöguleika byggðu að miklu leyti á námi og námsgengi á hverjum tíma. Þannig mátti sjá að þátttakendur virtust upplifa nám á ákveðinn hátt sem lykil aftur út í samfélagið að afplánun lokinni. Þessi umræða er í samræmi við niðurstöður Uden (2004), sem leggur áherslu á að fyrir þá sem ljúka afplánun og óska eftir stuðningi, sé í boði aðgengi að námi. Þannig sé ekki aðeins verið að styðja við það nám sem fór fram innan fangelsis, heldur sé verið að auka líkur á að árangrinum sé viðhaldið og hann styrktur. Uden bendir á að sé boðið upp á úrræði sem þetta sé ekki aðeins verið að styrkja það nám sem fór fram í afplánun, heldur sé verið að fylgja föngum eftir yfir mikilvægan og erfiðan þröskuld á leið aftur út í samfélagið, sér í lagi ef námið leiðir til ákveðinna starfsréttinda. Þannig sé verið að auka líkur á persónulegum ávinningi einstaklinganna, með auknum atvinnumöguleikum, á sama tíma og stutt sé við samfélagslegan ávinning með lækkaðri endurkomutíðni fanga í afplánun. Séu hugmyndir Uden bornar saman við gengi lykilhópttakenda sem luku afplánun á tímabilinu sem rannsóknin stóð yfir, þá má sjá að þeir einstaklingar áttu afar erfitt með að fóta sig í kjölfar afplánunar. Þeir misstu tök á eigin neyslu og sýndu fram á lakari námsárangur úti í samfélaginu en þeir höfðu gert í fangelsinu, jafnvel þó svo þeir hafi haft skýr markmið með námi sínu. Þrátt fyrir erfitt gengi þá sýndu þessir einstaklingar náminu áfram áhuga og því má ætla að líklegt sé að þeir hefðu nýtt sér stuðning og utanumhald á þessu sviði, hefði slíkur stuðningur líkt og Uden leggur áherslu á staðið til boða.

Ýmsir lærdómar voru dregnir af rannsókninni, og eru þeir hér flokkaðir í fimm atriði. Upptalning þeirra verða lokaorð greinarinnar, um leið og áhersla er lögð á að úrbætur af þessu tagi yrðu mjög líklega til hagsbóta bæði fyrir einstaklingana að afplánun lokinni og fyrir samfélagið í lækkaðri endurkomutíðni.

- Fyrsti lærdómurinn byggir á mikilvægi þess að hugtakinu betrun sé fundinn staður í lögum, til að styrkja stöðu uppbyggilegs starfs í fangelsum. Hugtakið betrun nær til uppbyggilegs starfs á breiðu sviði og mátti sjá hvernig viðmælendur tengdu saman nám og meðferðarstarf og upplifðu hvernig þessir þættir studdu hvor við annan. Þannig studdi námið við árangur í edrúmennsku og svo öfugt.
- Annar lærdómurinn bendir á mikilvægi þess að hugað verði að námsúrræðum fyrir fanga sem ekki hafa lokið grunnskólanámi og glíma við námsörðugleika í þeim tilgangi að sporna gegn brotthvarfi úr námi í afplánun.
- Þriðji lærdómurinn vísar til þess að föngum sé tryggður réttur til náms samkvæmt íslenskum lögum, en skýrari aðkomu menntamálayfirvalda að þessum málaflokki

virðist vanta. Þannig þyrfti að huga að gerð námskrár, sem skilgreinir að hvaða marki skuli stefnt, ásamt heildstæðri stefnumótun um fræðslumál í öllum fangelsum landsins.

- Fjórði lærdómurinn er í anda Uden (2004) og kveður á um mikilvægi þess að einstaklingum sem hafa stundað nám í afplánun sé áfram tryggt aðgengi að námi þegar út er komið. Þá er bent á, líkt og komið hefur verið inn á áður, að slíkt myndi styrkja það nám sem fór fram í afplánun, ásamt því að unnið væri gegn líkum á hegðun sem leiðir til endurkomu í fangelsi.
- Fimmti lærdómurinn minnir á að trú fanga á mikilvægi menntunar og vægi náms til að sporna gegn afbrotahæðun að afplánun lokinni, haldist í hendur við námsgengi. Þannig kom fram að sýn viðmælenda á mögulega afbrotahæðun hafi verið að miklu leyti háð námsgengi. Þegar vel gekk í námi var viðhorf til jákvæðrar hegðunar ríkjandi og svo öfugt. Því verður að teljast afar mikilvægt að föngum sé tryggt aðgengi að námi sem tekur mið af þörfum þeirra til að ná árangri í námi sem aftur styður við jákvæða framtíðarsýn að afplánun lokinni. Líður í þessu væri að koma til móts við þann stóra hóp fanga sem meðal annars lauk aldrei hefðbundnu grunnskólanámi og miða námið við þarfir þeirra. Þannig væri bæði verið að koma til móts við rétt sem skilgreindur er samkvæmt lögum og jafnframt að auka líkur á að raunhæft verði fyrir þann hóp að takast á við það nám á framhaldsskólastigi sem stendur til boða í afplánun. Með þeim hætti mætti draga úr líkum á brotthvarfi úr námi innan fangelsanna og ýta undir jákvæðan árangur.

Heimildir

Bogdan, R. C. og Biklen, S.K. (2003). *Qualitative research for education: An introduction to theory and methods* (4. útgáfa). Boston: Allyn og Bacon.

Chappell, C. A. (2004). Post-secondary correctional education and recidivism: A meta-analysis of research conducted 1990–1999. *Journal of Forensic Psychiatry*, 9, 39–57.

Eikeland, O. J., Manger, T. og Asbjørnsen, A. (ritstjórar). (2008). *Utdanning, utdanningsþenske og –motivasyon*. København: Nordisk Ministerråd.

Fangelsismálastofnun ríkisins. (2010a). *Ísland kemur vel út í samanburði um endurkomur afbrotamanna*. Sótt 17. júlí 2010 af: <http://www.fangelsi.is/frettir/nr/276>

Fangelsismálastofnun ríkisins. (2010b). *Menntun fanga í fangelsum ríkisins*. Sótt 17. júlí 2010 af: <http://www.fangelsi.is/frettir/nr/268>

Gaes, G. G. (2008). *The impact of prison education programs on post-release outcomes*. Sótt 5. júlí 2010 af <http://www.jjay.cuny.edu/GaesTheEffectivenessofPrisonEducationPrograms.pdf>

Helgi Gunnlaugsson og Bogi Ragnarsson. (2007). Menntun íslenskra fanga. Í Gunnar Þór Jóhannesson (ritstjóri), *Rannsóknir í Félagsvísindum VIII. Erindi flutt á ráðstefnu í desember 2007*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 137–145.

Hirschi, T. (1969). *Causes of delinquency*. Berkeley: University of California Press.

Inga Guðrún Kristjánsdóttir. (2010). „Nám er besta betrunin“ – *Fræðslustarf í fangelsum*. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands.

Lög um fullnustu refsinga nr. 49/ 2005.

Ritchie, J., Lewis, J. og Elam, G. (2003). Designing and selecting samples. Í Ritchie, J. og Lewis, J. (ritstjórar), *Qualitative research practice: A guide for social science students and researchers*. (3. útgáfa). London: Sage.

Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

Taylor, S. J. og Bogdan, R. C. (1998). *Introduction to qualitative research methods: A guidebook and resource* (3. útgáfa). New York: John Wiley og Sons.

Uden, T. (2004). *Learning is not a crime. Education and training for offenders and ex-offenders in the community*. Leicester: Latimer Trend.

Vacca, S. J. (2004). Educated prisoners are less likely to return to prison. *The Journal of Correctional Education*, 55, 297.



Inga Guðrún Kristjánsdóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir. (2010).
„Nám er besta betrunin“: Rannsókn á námi fanga í afplánun.
Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Sótt af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/015.pdf>